



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 18. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 11. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 7. NÓVEMBER 2019

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2019, þann 7. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, erindi frá foreldraráði leikskólans Undralands frá 4. nóvember s.l. Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði tekið fyrir samhliða fundargerð skólanefndar vegna Undralands undir dagskrárlíð 39.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

#### **1. Drög að fjárhagsáætlun 2020-2023. (Fyrri umræða)**

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun 2020-2023 og minnisblað um forsendur áætlunarinnar. Sveitarstjóri fór yfir helstu kennitölur og forsendur fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið 2020. **Helstu forsendur eru:** Reiknað er með að tekjur af útsvari hækki um 19 milljónir frá áætlun 2019. Gert er ráð fyrir að framlög úr **jöfnunarsjóði** hækki um 8 milljónir frá áætlun 2019. **Fasteignaskattur** er byggður á bráðabirgðaáætlun fyrir árið 2020. Fyrir liggur að almennt hækkar fasteignamat um 4,9%. **Álagningarhlutföll** ársins 2020 vegna fasteignagjalda verða óbreytt frá árinu 2019 að öðru leyti en því að álagningarhlutfall í A-flokki lækkar úr 0,50 í 0,49. Lóðaleiga verði áfram 0,5% af fasteignamati. **Gjaldskrár** hækki almennt um 2,5% í samræmi við lífsskjarasamninginn. **Rekstur einstakra málaflokka var yfirfarinn** með hliðsjón af áætlun síðasta árs og gerðar breytingar eftir því sem ástæða var talin til. Haft var samráð við forstöðumenn deilda. **Þjónustutekjur** sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fyrirbyggjandi tillögum. **Önnur atriði:** Gert er ráð fyrir afborgunum lána í samræmi við skilmála þeirra. **Eignasjóður – rekstur:** Til tekna færast leigutekjur frá aðalsjóði en til gjalda færast bein rekstrargjöld s.s. viðhald, fasteignagjöld og tryggingar. **Eignasjóður, fjármunatekjur og fjármunagjöld:** Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána. **Fjárfestingar og lántökur:** Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingum að fjárhæð kr 92,0 millj. aðallega vegna gatnakerfis og frágangs bílastæða við félagsheimili, íþróttahúss, íþróttasvæðis, ráðhúss, ljósleiðara, fráveitu, vatnsveitu og hitaveitu. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 50 millj. vegna þessara fjárfestinga. **Helstu niðurstöður:** Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er tekjuafgangur á samstæðunni (A og B) að fjárhæð kr. 48,6 millj. Eftir umræður og fyrirspurnir samþykkti sveitarstjórn að vísa áætluninni til seinni umræðu með breytingum sem ræddar voru á fundinum og þau atriði sem þarf að skoða sérstaklega á milli umræðna.

#### **2. Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2020.**

Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarprósentu útsvars árið 2020. Lagt er til að álagning verði 14,52 % sem er sú sama og var á síðasta ári. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

#### **3. Álagningarhlutfall fasteignaskatta 2020.**

Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarhlutfall fasteignaskatta fyrir árið 2020. Lagt er til að álagningarhlutfall verði óbreytt frá fyrra ári nema í A-flokki þar sem það lækkar úr 0,50 í 0,49. Álagningarhlutfall 2020 verður því í A-flokki 0,49%, B-flokki 1,32% og í C-flokki 1,32%. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

4. **Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2020.**  
Oddviti lagði fram tillögu að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna fyrir árið 2020. Sveitarstjórn samþykkir að laun sveitarstjórnarmanna, annarra en oddvita, verði 7% af þingfararkaupi á mánuði en laun oddvita verði samkvæmt starfssamningi. Varamaður í sveitarstjórn fær 3,5% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund. Að öðru leyti hækka þóknunar fyrir nefndarstörf um 3,2%.
5. **Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2020.**  
Oddviti lagði fram og kynnti tillögu að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega þar sem tekjuviðmið hækka um 20% milli ára.  
Sveitarstjórn samþykkir afsláttarreglurnar.
6. **Gjaldskrá fyrir íþróttahús og sundlaug 2020.**  
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús. Þar er gert ráð fyrir að stök gjöld hækki um 6%, kort fyrir fullorðna hækki um 2,5% en kort fyrir börn hækki ekki. Aðrar hækkanir eru um 2,5% nema leiga á íþróttasal verður óbreytt milli ára. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá lýðheilsu- og æskulýðsnefnd þar sem lagðar voru til ákveðnar breytingar á gjaldskrá. Sveitarstjórn frestar málinu til næsta fundar.
7. **Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimilið 2020.**  
Oddviti lagði fram tillögu að 2,5% hækkun á gjaldskrá fyrir Félagsheimilið. Sveitarstjórn samþykkir tillögunna. Ný gjaldskrá tekur gildi 1. janúar 2020.
8. **Gjaldskrá mótuneytis og skólavistunar 2020.**  
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir mótuneyti Flúðaskóla, Undralands, Heimalands og skóladagheimilis en þar er gert ráð fyrir 2,5% hækkun á gjaldskrá. Gert er ráð fyrir að verð á hressingu í Flúðaskóla hækki úr kr. 79 í kr. 81 og skólamáltíð hækki úr kr. 370 í kr. 380 fyrir börn og starfsfólk sveitarfélagsins. Í leikskólanum Undralandi hækki gjald fyrir hádegisverð úr kr. 350 í kr. 360, morgunhressing hækki úr kr. 75 í kr. 77 og síðdegishressingu úr kr. 115 í kr. 118. Þá er lagt til að tímaggjald vistunar í skólaseli hækki úr kr. 336 í kr. 344, gjald fyrir máltíð úr kr. 120 í kr. 123. Máltíð vegna Heimalands og annarra hækki úr kr. 700 í kr. 718 og heimsendingargjald á hverja máltíð hækki úr kr. 190 í kr. 195 fyrir hverja ferð kr. fyrir mat til eldri borgara. Tillaga að gjaldskrá hefur verið lögð fyrir skólanefnd og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána sem tekur gildi þann 1. janúar 2020.
9. **Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2020.**  
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir að jafnaði 15% hækkun frá síðasta ári á sorpeyðingargjaldi sem er tilkomin vegna mikillar aukningar á magni sorps og kostnaði við meðhöndlun og eyðingu og síðan hækkar sorphirðugjald þar sem einnig er búið er að taka upp hirðingu á lífrænum úrgangi. Sorphirðugjald íbúðarhúsa verður kr. 41.000 í stað kr. 28.800. Sorpeyðingargjald íbúðarhúsa hækkar úr kr. 21.500 í kr. 24.700, frístundahúsa úr kr. 20.400 í kr. 23.500 og atvinnuhúsnaðis úr kr. 52.500 í 60.400. Sérstakt aukasorpjald þar sem flokkað er eftir magni í 9 flokkum hækkar einnig um 15%. Leiga á gámum og blátunnukörum hækkar um 2,5%. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá umhverfisnefnd og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána enda liggur fyrir að taprekstur af málaflokknum er áætlaður, þrátt fyrir gjaldskrárhækkanir, kr. 12. millj. á árinu 2020.
10. **Gjaldskrá Hrunaljóss 2020.**  
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir Hrunaljós fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá Hrunaljóss hækki um 2,5% nema tengigjöld í dreifbýli verði óbreytt. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir í veitustjórn og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána sem tekur gildi 1. janúar 2020.
11. **Gjaldskrá vatnsveitu 2020.**  
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir vatnsveitu. Gjaldskrá vatnsveitu vegna íbúðarhúsnaðis lækkar úr 0,25% í 0,22% af fasteignarmati en lágmarksgjald hækkar í kr. 37.100 eða um 2,5%. Hámarksgjald á íbúðarhús verður óbreytt kr. 55.000. Fast vatnsgjald í frístundahús hækkar um 2,5% og verður kr. 37.100. Vatnsgjald í atvinnuhúsnaði verður óbreytt 0,15% af fasteignamati og lágmarksgjald óbreytt eða kr. 65.000. Heimæðagjöld hækka ekki. Aðrar

hækkanir nema 2,5%. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá veitustjórn og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

**12. Gjaldskrá fráveitu 2020.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir fráveitu. Gjaldskrá vegna fráveitu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum verður óbreytt eða 0,25% af fasteignarmati og hámarksgjald íbúðarhúsnæðis verður óbreytt kr. 55.000. Hámarksgjald á atvinnuhúsnæði verður verður óbreytt kr. 213.600. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum verður kr. 9.900 og hækkar um 9%. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka ekki. Aðrar hækkanir nema 2,5%.

Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá veitustjórn og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

**13. Fjallaskálar á afrétti Hrunamanna: Rekstraraðilar.**

Oddviti sagði frá því að núverandi rekstaraðili hafi nýtt sér uppsagnarákvæði samnings um rekstur fjallaskála. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa eftir nýjum rekstraraðila að fjórum fjallaskálum á Hrunamannaafreitti.

**14. Stígamót: Fjárstuðningur.**

Oddviti kynnti bréf frá Stígamótum þar sem þau biðja um styrk fyrir reksturinn árið 2020. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50.000 sem verði tekið af deild 0281.

**15. Lánasjóður Sveitarfélaga: Áreiðanleikakönnun.**

Oddviti kynnti erindi um áreiðanleikakönnun viðskiptamanna frá Lánasjóði sveitarfélaga vegna aðgerða gegn peningabvætti. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kalla eftir viðeigandi gögnum til að geta brugðist við beiðninni.

**16. Sveitarfélagið Árborg: Sameiningarviðræður.**

Oddviti kynnti erindi frá sveitarfélaginu Árborg þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarfélaganna í Árnessýslu til viðræðna um sameiningar sveitarfélaganna. Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og er til í að taka þátt í þeim viðræðum sem kunna að koma upp í framhaldinu og skoða möguleika til sameiningar.

**17. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna rekstarleyfis gististaðar, Mosás 1, 2, 3 og 4, Holtabyggð.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um endurnýjun á rekstarleyfi vegna nafnabreytingar rekstaraðila vegna gistingar í flokki II í Mosás 1, 2, 3 og 4 í Holtabyggð 110. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda beiðni fyrir sitt leyti enda gerir deiliskipulag svæðisins ráð fyrir slíkri starfsemi.

**18. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna rekstarleyfis gististaðar, Jörðin Jaðar II.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um endurnýjun á rekstarleyfi vegna gistingar flokki II vegna frístundahúss að Jaðri II. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda beiðni enda húsið ekki í skipulagðri frístundabyggð.

**19. Sætrar ehf: Álagning gatnagerðargjalda vegna Hrunamannavegar 3.**

Oddviti kynnti erindi frá Sætrar ehf vegna álagningar gatnagerðargjalda vegna Hrunamannavegar 3 á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir að leita álits lögmanns sveitarfélagsins á forsendum erindisins.

**20. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Umsagnarbeiðni um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Samráðsgátt.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og auðlindanefnd Alþingis um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu sem er í samráðsgáttinni.

**21. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldi.

**22. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu um til þingsályktunar um byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar.**

Oddviti kynnti Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar. Sveitarstjórn telur skynsamlegt að málið verði skoðað frekar.

23. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023.
24. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum.
25. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um jarðalög.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um jarðalög.
26. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um grunnskóla.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um grunnskóla.
27. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði.
28. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrúmum.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrúmum.
29. **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

30. **Ungmennaráð Hrunamannahrepps 2019-2020. Fundargerð 1. fundar frá 15. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar Ungmennaráðs þennan vetur. Ungmennaráð var kynnt fyrir nýliðum, kosið var í stjórn, fjallað um Skólaþing og hugmyndir um breytingar á menntakerfinu. Þá var fjallað um verkefnið Heilsueflandi samfélag og ræddar hugmyndir um verkefni í tengslum við það. Þá var farið yfir hugmyndir um flutning á félagsmiðstöð í Íþróttahús og komið á framfæri öðrum hugmyndum ungmennaráðs. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
31. **Umhverfisnefnd: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar frá 22. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar umhverfisnefndar. Farið var yfir fjárhagsáætlun 2020, tillögu að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs 2020, tillaga að fjárhagsáætlun vegna fráveitumála 2020 og gjaldskrá vegna móttöku og meðhöndlun seyru 2020. Þá var farið yfir nýja úrgangssamþykkt fyrir Hrunamannahrepp og ársfund Umhverfisstofnunar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
32. **Öldungaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð 13. fundar frá 1. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar Öldungaráðs. Farið var yfir störf ráðsins á fyrra ári, Heimaland og aðstöðuna þar og tekjutengdan afslátt af fasteignagjöldum. Kynnt starf stýrihóps um heilsueflandi sveitarfélag, rætt um eldri borgara af erlendum uppruna, tölvukennslu, kynningu á félaginu á heimasíðu sveitarfélagsins og opnunartíma tækjasalar. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
33. **Öldungaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð 14. fundar frá 21. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar Öldungaráðs. Farið var yfir afslátt á fasteignagjöldum hjá eldri borgurum, kynnt fjárhagsáætlun 2020, hækkun viðmiðunartekna vegna afslátts af fasteignagjöldum, heimaþjónustu, rekstur Heimalands og o.fl. Þá var rætt um nettengingu í kjallara í Heimalandi, aðstoð við slátt, ljós utan á Heimalandi, tækjasal og sjúkrapjálfa. Öldungaráðið leggur

til að afsláttur af fasteignagjöldum verði sambærilegur við nágrannasveitarfélög og hækki a.m.k um 20% milli ára. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

34. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 6. fundur frá 22. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð frá 22. október þar sem fjallað var um breytingar á íþróttahúsi, fjárhagsáætlun 2020 og siðareglur íþróttafélaga og aðgerðir gegn kynferðislegu áreiti og ofbeldi. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
35. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 7. fundur frá 25. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar frá 25. október. Sveitarstjóri mætti til að kynna fjárhagsáætlun 2020 og kynna tillögu að breytingum á gjaldskrá í tækjasal, íþróttahúsi og sundlaug fyrir árið 2020. Kom nefndin með tillögur að breytingum á fjárhagsáætlun og gjaldskrá. Sveitarstjórn vísar tillögu að breytingu á fjárhagsáætlun og gjaldskrá til annarar umræðu um fjárhagsáætlun.
36. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 10. fundar nefndarinnar frá 18. september s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar landbúnaðarnefndar frá 18. september s.l. Fjallað var um fyrirkomulag eftirsafns og farið yfir fyrri fjallferð. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
37. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 11. fundar nefndarinnar frá 28. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar landbúnaðarnefndar frá 28. október. Fjallað var um fjallskil fyrir árið 2019, rætt um fjallaskála og auglýsa þyrfti eftir umsjónarmanni. Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir málaflökkinn 2020 og rætt um að þyrfti að bæta fjármagni vegna milligerða í Hrunaréttum. Þá var fjallað um refaveiðar.  
Fyrir nefndinni lá tillaga að álagning fjallskila fyrir árið 2019 yrði óbreytt frá árinu 2018 þannig að lögbýli greiði áfram 1,3% af landverði en gjald fyrir vetrarfóðraða kind hækki úr kr. 85 í kr. 87. Sveitarstjórn samþykkir tillögu að álagningu fjallskila fyrir árið 2019, vísar beiðni um meira fjármagn vegna Hrunaréttta til seinni umræðu um fjárhagsáætlun og samþykkir fundargerðina að öðru leyti.
38. **Skólanefnd: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 31. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar skólanefndar frá 31. október vegna Flúðaskóla. Þar var m.a. farið var yfir drög að gjaldskrá mótuneytis fyrir árið 2020 og drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Þá voru nýjar skólareglur lagðar fram og samþykktar. Þá var rætt um starfsþróunar- og símenntunaráætlanir, yfirlit um skimanir og próf og fjallað um frumvarp um breytingu á lögum um grunnskóla sem voru í samráðsgátt. Þá var farið yfir gátlista, rætt um 90 ára afmælishátíð skólans, leiðbeinandi álit Sambandsins um tvöfalda skólavist, rekstrarkostnað á nemenda eftir stærð skóla, úthlutun úr Námsgagnasjóði og skólabifreiðar. Sveitarstjórn vísar í bókun í lið nr. 8 í fundargerðinni varðandi gjaldskrármál í mótuneyti og samþykkir fundargerðina að öðru leyti. Sveitarstjórn þakkar starfsfólki og nemendum skólans fyrir vel heppnaða afmælishátíð.
39. **Skólanefnd: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 31. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar skólanefndar frá 31. október vegna Undralands. Þá liggur einnig frammi erindi frá foreldraráði leikskólans Undralands um gjaldskrármál. Á fundinum var farið yfir tillögu að gjaldskrá næsta árs vegna mótuneytis þar sem gert var ráð fyrir 2,5% hækkun. Þá var tillaga að gjaldskrá vegna vistunargjalda tekin fyrir þar sem gert er ráð fyrir að fyrir hverjar 15 mín. utan kjarnatíma verði gjaldið fyrir þær kr. 250 á dag, gert er ráð fyrir að leikskólagjöld verði að öðru leyti óbreytt, afsláttarkjör skýrð og gjaldfrelsi verði fyrir tvo elstu árganga leikskólans frá og með skólaárinu 2020-2021 og var tillagan samþykkt. Þá var farið yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020, skýrslu leikskólastjóra, starfsmannamál, gátlista, úttekt HES og tvöfalda skólavist. Þá var samþykkt að fara í foreldrakönnun hvort skoða ætti að taka upp auka 15. mín eftir 16:00.  
Sveitarstjórn samþykkir tillögu að gjaldskrá með þeirri breytingu að gjald fyrir aukakort hækki eingöngu á þau börn sem eru gjaldfrjáls en óbreytt á aðra og samþykkir fundargerðina að öðru leyti

**40. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar frá 31. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar frá 31. október s.l. Þar var fjallað um tillögu að fjárhagsáætlun þeirra málaflokka sem snerta nefndina fyrir árið 2020, tillögu að gjaldskrá fyrir Félagsheimilið 2020, ljósmyndakeppnina Haustlitir, KÍTÓN og gönguferðir í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**41. Veitustjórn: Fundargerð 10. fundar nefndarinnar frá 4. nóvember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar nefndarinnar frá 4. nóvember s.l. Þar var farið yfir tillögur að gjaldskrá Hitaveitu Flúða og fjárhagsáætlun fyrir 2020, gjaldskrá og fjárhagsáætlun fyrir vatnsveitu árið 2020, gjaldskrá og fjárhagsáætlun fráveitu 2020 og gjaldskrá og fjárhagsáætlun Hrunaljóss fyrir árið 2020. Einnig var farið yfir tillögu að gjaldskrá vegna móttöku og hreinsun á seyru og fjárhagsáætlun og farið yfir stöðuna á Kópsvatni. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá Hitaveitu Flúða hækki um 2,5% nema tengigjöld verði óbreytt.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og þær fjárhagsáætlanir, gjaldskrár og gjaldskrárbreytingar sem lagðar voru til.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnæssýslu:**

**42. Fundargerð 183. fundar Skipulagsnefndar frá 11. september s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. september s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 183. fundar skipulagsnefndar frá 11. september og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. september.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 9: Jaðar. Fyrirspurn vegna skógræktar.**

Lögð er fram fyrirspurn Magnúsar Bergs Magnússonar, dags. 25. mars 2019, móttækin 5. september 2019, hvort heimilað verði framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á landareigninni Jaðri 1, L166785. Landeigendur áforma skógrækt í samstarfi við Skógræktina innan girðingar austan við Gullfoss sem áður var landgræðslugirðing. Gert er ráð fyrir blönduðum skógi. Skógræktaráætlun verður unnin í samráði við Skógræktina.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að fresta málinu þar til borist hafa ítarlegri gögn og að fyrir liggja umsögn Umhverfisstofnunar.

**Mál nr. 10: Langholtskot. Umsókn á byggingarleyfi fyrir sumarhús.**

Lögð er fram í framhaldi af afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 04.09.2019 umsókn Unnsteins Hermannssonar dags. 13.08.2019 móttækin 14.08.2019 um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 22 m<sup>2</sup> á jörðinni Langholtskot (L166796) í Hrunamannahreppi. Ekki liggur fyrir gildandi deiliskipulag fyrir jörðina.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir 22m<sup>2</sup> sumarhúsi á jörðinni. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

**Mál nr. 12: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. september.

**43. Fundargerð 185. fundar Skipulagsnefndar frá 30. október s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. október og 16. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 185. fundar skipulagsnefndar frá 30. september og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. október og 16. október.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 44 : Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. og 16. október.

**44. UTU bs: Fundargerð stjórnar frá 14. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð stjórnar UTU bs. frá 14. október s.l. Þar var fjallað um bréf frá starfsmönnum UTU, ársfund UTU bs., og starfsmannamál. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**45. UTU bs: Fundargerð aðalfundar frá 30. október s.l.**

Oddviti kynnti aðalfundargerð UTU bs. frá 30. október. Þar var fjallað um ársskýrslur og ársreikninga fyrir árin 2017 og 2018. Farið var yfir fjárhagsáætlun 2020 og breytingar á samþykktum UTU bs. Þá var rætt um húsnæðismál, starfsmannamál og skjalamál. Sveitarstjórn samþykkir breytingar á samþykktum UTU bs. og felur oddvita að undirrita nýjar samþykktir en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

46. **Bergrisinn bs.: Fundargerð stjórnar frá 7. október s.l.**  
Oddviti lagði fram fundargerð stjórnarfundar Bergrisans bs frá 7. október s.l. til kynningar.
47. **Bergrisinn bs.: Fundargerð stjórnar frá 22. október s.l.**  
Oddviti lagði fram fundargerð stjórnarfundar Bergrisans bs frá 22. október s.l. til kynningar.
48. **Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 34. fundar frá 9. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 34. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var lögð fram drög að fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings fyrir árið 2020 og drög að árskýrslu fyrir árið 2018. Þá var farið yfir starfssemina og stöðu á helstu málaflokkum. Fundargerðin lögð fram til kynningar
49. **Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.: Fundargerð aðalfundar frá 23. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings frá 23. október s.l. Þar var farið yfir skýrslu um starfssemina fyrir árið 2018 og ársreikningur 2018 lagður fram til kynningar. Þá var lögð fram tillaga að fjárhugasáætlun fyrir 2020 og hún samþykkt. Einnig var rætt um hvort skoða ætti breytingar á samþykktum byggðasamlagsins. Sveitarstjórn samþykkir fjárhugasáætlun fyrir 2020 og staðfestir fundargerðina að öðru leyti.
50. **Oddvitanefnd UTU: Fundargerð oddvitafundar UTU frá 30. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð oddvitafundar UTU vegna málefna Seyrustaða frá 30. október s.l. Þar var fjallað um stöðuna á seyruverkefninu á árinu 2019, skoðuð fjárhagsstaða og fjárhagsáætlun 2020 og farið yfir gjaldskrá Seyrustaða fyrir árið 2020. Rætt var um breytingar á kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna við verkefnið og um endurskoðun á samstarfssamningi. Sveitarstjórn samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020, tillögu að gjaldskrá og breytingu á kostnaðarskiptingu eins og lagt er til og staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. **SASS: Fundargerð 549. fundar stjórnar frá 27. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- b. **Héraðsskjalasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 24. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- c. **Byggðarsafn Árnesinga: Fundargerð 12. fundar stjórnar frá 29. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- d. **Byggðarsafn Árnesinga: Fundargerð 5.fundar byggingarnefndar frá 29. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- e. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 285. fundar stjórnar frá 2. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- f. **Starfsgreinasamband Íslands: Kjaraviðræður.**  
Lagt fram til kynningar.
- g. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 875. fundar stjórnar frá 25. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- h. **Brunabót: Ágóðahlutagreiðsla 2019.**  
Lagt fram til kynningar.
- i. **SASS: Umsögn stjórnar SASS um fjárlagafrumvarp ríkisins 2020.**  
Lagt fram til kynningar.
- j. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Framlög vegna sérparfa fatlaðra nemenda 2020.**  
Lagt fram til kynningar.
- k. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Jafnréttisáætlanir sveitarfélaga.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

**I. Samtök orkusveitarfélaga: Orkufundur 7. nóvember n.k.**

Lagt fram til kynningar.

**m. Skipulagsdagurinn 8. nóvember n.k.**

Lagt fram til kynningar.

**Skýrslur á skrifstofu:**

**n. Ársreikningur Hótel Flúða 2018.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.55.